

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 21. des 1999

Fundargerð

Á fundinn mættu: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Jón Kalmannsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Lögð fram drög að umsögn um frumvarp Marðar Árnasonar um afnám gjalds á menn utan trúfélaga. Þau samþykkt með smávægilegum breytingum.
3. Lögð fram kostnaðaráætlun, samþykkt af Eddu Möller f.h. Skálholtsútgáfunnar, vegna Teologisk ethik.
4. Rætt um hvaða álitserðir Siðfræðistofnunar gætu hugsanlega farið inn á vef Landlæknisembættisins.
5. Lögð fram drög að áætlun um að Siðfræðistofnun taki að sér á markvissan hátt að aðstoða fyrirtæki, félagarsamtök og stofnanir við að setja sér siðareglur.
6. Tekin til umræðu hugmynd um að Skálholtsskóli og Siðfræðistofnun taki sig saman og efni til tveggja til þriggja málþinga um náttúru, menningu og mannvirki. Ákveðið að óska eftir fundi með Pétur Pétursson rektor Skálholtsskóla.
7. Rætt um hvernig verja skuli því fé sem kirkjuráð veitti til stofnunarinnar. Ákveðið að á árinu 2000 skuli kr. 200.000 varið til rannsóknarverkefnisins Sjálfræði aldraðra og kr. 300.000 til þýðingar á Teologisk Etik.
8. Önnur mál